



Innleiðing spjaldtölva
í Vatnsendaskóla

Tækni til hvers:

- Til framfara.
- Auka við fjölbreytileikann.
- Skora gamlar hefðir á hólmi.
- Prófa eitthvað nýtt.
- Styðja við það sem er gamalt og gilt.
- Gefa vinnu og verkefnum aukna vídd/dýpt.




Framtíðarsýn

- Að mennta og efla nemendur til að þeir verði eins hæfir og kostur er til að takast á við þær áskoranir sem þeirra bíður.
- Nemendur öðlist aukið sjálfstæði í verkefnavinnu.
- Undirbúa nemendur fyrir samfélag sem er í stöðugri þróun.

Meginmarkmið

- Fjölbreyttari kennsluhættir
- Fjölbreyttara skólastarf
- Fjölbreyttari hæfni
- Skapandi starf þar sem nemendur virkja sköpunarkraftinn sinn með markvissum hætti
- Efla tæknilæsi nemenda



Stefna

- Áhersla skal lögð á að styrkja tæknihæfni nemenda og að þeir geti nýtt sér hana til áframhaldandi vaxtar.
- Spjöldin verði nýtt í öllum námsgreinum.
- Áhersla skal lögð á stafræna borgaravitund til að efla siðferðisvitund nemenda.
- Ávallt skal unnið að gildum skólans í leitinni að framþróun og bætingu.

Gildi Vatnsendaskóla

Virðing - nemendur bera virðingu fyrir eigum, verkum og rými annarra sem þeir eru í hverju sinni.

Vinátta - nemendur bera ábyrgð á hegðun sinni og framkomu á netinu sem og annars staðar.

Samvinna - nemendur læra mikið á því að vinna með öðrum þar sem styrkleikar eru mismunandi. Fá hugmyndir og hrinda þeim í framkvæmd.

Skapandi starf - nemendur þjálfast í að vera höfundar eigin hugmynda með því að skila verkefnum á fjölbreyttari hátt.

Ábyrgð og skyldur kennara skólans

- Spjöldin eru sjálfsagður hluti af skólastarfinu og kennurum ber að nota tækin á viðeigandi hátt í starfi.
- Það er í höndum kennara skólans að kenna nemendum réttar umgengisreglur og ábyrga notkun.
- Mikilvægt er að kennarar efli ábyrgð nemenda á eigin námi með spjöldunum.
- Kennurum ber að afla sér þekkingar, á tækninni og möguleikum hennar. Mikilvægur þáttur í því er að kennarar miðli fróðleik og visku sín á milli.

Ábyrgð og skyldur nemenda

- Nemendum ber skylda til að nota spjöldin á réttan og ábyrgan hátt, fara eftir fyrirmælum og umgangast þau af virðingu.
- Nemendum er að öllu óheimilt að nota spjöldin á ólöglegan hátt s.s. að taka myndir/myndbrot í leyfisleysi og hlaða niður ólöglegu efni og taka þátt í netníði.
- Gera þarf nemendum skýra grein fyrir því að spjöldin eru fyrst og fremst námstæki.
- Tækið er ávallt á ábyrgð nemanda.

Ábyrgð og skyldur foreldra

- Ætlast er til af foreldrum að þeir vinni í samstarfi með skólanum í að aðstoða börn sín við ábyrga notkun spjaldanna.
- Mælst er til þess að foreldrar og forráðamenn kynni sér heimasíðu spjaldtölvuverkefnis Kópavogsbæjar <http://spjaldtolvur.kopavogur.is/>

Notkunarreglur spjaldtölva í Vatnsendaskóla

- Fylgjum *FYRIRMÆLUM* kennara um notkun spjalda.
- Tónlist = *HEYRNARTÓL*.
- Ekki er heimilt að nýta spjaldtölvuna til að
TAKA UPP EÐA DEILA EFNI úr skólastarfinu.
- Í *MATSAL* notum við ekki spjaldið á matmálstímum.